

**Kvennaskólinn í Reykjavík**

**02 309**

**Ársreikningur 2022**

## Efnisyfirlit

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Kvennaskólinn í Reykjavík**  
**kt. 650276-0359**  
**Fríkirkjuvegi 9, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Kvennaskólinn í Reykjavík er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar í samræmi við lög nr. 68/2012 og nr. 92/2008.

Kvennaskólinn er menntaskóli sem býður upp á hefðbundið bóknám til stúdentsprófs. Námið er eingöngu staðnám og námstími er sveigjanlegur; þ.e. nemendur geta valið hvort þeir ljúka náminu á 3, 3,5 eða 4 árum. Skólinn byggir á bekkjakerfi og val nemenda eykst í síðari hluta námsins. Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og búa þá sem best undir frekara nám.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.018,4 milljónir og afkoma kr. -23,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -26,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 83,8 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Kvennaskólans í Reykjavík í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Kvennaskólans í Reykjavík fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Kolfinna Jóhannesdóttir  
Skólameistari

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	942.240.000	899.916.379
Seld vara og þjónusta .....	3	40.253.746	34.329.021
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	25.562.501	17.685.241
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	10.325.532	10.710.113
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.018.381.779</b>	<b>962.640.754</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	812.154.730	756.703.594
Annar rekstrarkostnaður .....	6	219.675.353	190.005.132
Afskriftir .....	7	10.325.532	10.710.113
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.042.155.615</b>	<b>957.418.839</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(23.773.836)</b>	<b>5.221.915</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		1.897	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(157)	(4.418)
		<b>1.740</b>	<b>(4.418)</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(23.772.096)</b>	<b>5.217.497</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		58.104.974	42.303.682
Aðrar eignir .....		815.419	886.645
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>58.920.393</u>	<u>43.190.327</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		0	1.617.282
Tengdir aðilar .....	9	1.315.387	28.857.228
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	1.007.652	1.841.124
Handbært fé .....	11	22.514.791	10.208.525
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>24.837.830</u>	<u>42.524.159</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>83.758.223</u>	<u>85.714.486</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		(26.240.082)	(2.467.986)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(26.240.082)</u>	<u>(2.467.986)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	1.986.185	664.502
Viðskiptaskuldir .....		7.837.337	4.158.568
Ýmsar skammtímaskuldir .....		33.487.807	32.446.894
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	66.686.976	50.912.508
<b>Skuldir samtals</b>		<u>109.998.305</u>	<u>88.182.472</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>83.758.223</u>	<u>85.714.486</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(23.772.096)	5.217.497
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	10.325.532	10.710.113
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(10.325.532)	(10.710.113)
		<u>(23.772.096)</u>	<u>5.217.497</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		2.450.754	(1.529.883)
Tengdir aðilar .....		28.907.926	(30.343.445)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<u>4.719.682</u>	<u>(2.549.295)</u>
		36.078.362	(34.422.623)
		<u>12.306.266</u>	<u>(29.205.126)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	<u>(26.055.598)</u>	<u>(6.409.716)</u>
		(26.055.598)	(6.409.716)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		0	1.509.716
Fjárfestingarframlag .....		<u>26.055.598</u>	<u>4.900.000</u>
		26.055.598	6.409.716
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		12.306.266	(29.205.126)
		<u>10.208.525</u>	<u>39.413.651</u>
		<u>22.514.791</u>	<u>10.208.525</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	5 afskrifað/10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	942.240.000	899.916.379
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	10.325.532	10.710.113
	<b>952.565.532</b>	<b>910.626.492</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	911.800.000	0	0	911.800.000
Launabætur .....	7.700.000	0	0	7.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	22.740.000	0	0	22.740.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>942.240.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>942.240.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(966.012.096)	0	0	(966.012.096)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(23.772.096)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(23.772.096)</b>

	2022	2021
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	2.452.770	3.462.538
Sala á vöru og þjónustu .....	7.596.000	7.662.000
Verksala .....	1.635.710	1.788.250
Ýmsar þjónustutekjur .....	851.968	650.000
Veitinga- og gistiþjónusta .....	26.150.298	19.208.433
Fræðslustarfsemi og fundir .....	1.567.000	1.557.800
	<b>40.253.746</b>	<b>34.329.021</b>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	146.400	186.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	3.677.658	1.386.550
Ýmsar tekjur .....	21.738.443	16.112.691
	<b>25.562.501</b>	<b>17.685.241</b>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	656.329.255	616.888.521
Orlof, breyting .....	2.488.528	(1.801.668)
Launatengd gjöld .....	151.628.305	140.511.955
Starfsmannakostnaður .....	1.708.642	1.104.786
	<b>812.154.730</b>	<b>756.703.594</b>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	62,3	63,1
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2022	2021
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.559.041	2.096.695
Byggingarvörur, almennar ....	201.144	110.592
Byggingarvörur, aðrar ....	132.814	19.621
Tæki og búnaður til innréttinga ....	61.382	301.663
Ýmis tæki og áhöld ....	978.405	543.299
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	389.995	426.521
Orkugjafar ....	7.470.123	7.635.582
Matvæli ....	23.391.821	17.910.050
Almennar rekstrarvörur ....	2.681.948	3.762.276
Vörukaup, almenn	36.866.673	32.806.299
Kennslu- og föndurvörur ....	2.237.211	1.786.647
Ýmsar sérgreindar vörur ....	0	20.000
Vörukaup, sérgreind	2.237.211	1.806.647
Fundir, námskeið, risna ....	6.401.241	797.281
Ferðir, uppihald ....	5.176.334	255.994
Akstur ....	1.911.835	1.320.114
Sérfræðipjónusta ....	22.557.454	18.905.012
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	291.393	257.310
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	515.264	1.416.010
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	372.880	548.457
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	37.226.401	23.500.178
Afnotagjöld ....	7.176.993	4.584.400
Leigugjöld ....	127.159.831	121.028.416
Notkun véla og flutningatækja ....	1.691.616	596.140
Verkkaup ....	6.406.353	4.685.391
Kostnaðarhlutdeild ....	858.640	854.986
Áhættutap og bætur ....	27.383	0
Tryggingar, lögboðnar ....	24.252	21.875
Opinber gjöld ....	0	120.800
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	143.345.068	131.892.008
Annar rekstrarkostnaður samtals	219.675.353	190.005.132
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	9.971.635	10.596.949
Aðrar eignir ....	71.226	96.870
Sölutap og úreltar eignir ....	282.671	16.294
	10.325.532	10.710.113

## Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	58.104.974	42.303.682
Aðrar eignir .....	815.419	886.645
	<u>58.920.393</u>	<u>43.190.327</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022 .....	94.554.429	1.593.771	96.148.200
Viðbætur á árinu .....	26.055.598	0	26.055.598
Selt/úrelt á árinu .....	(4.119.748)	0	(4.119.748)
	<u>116.490.279</u>	<u>1.593.771</u>	<u>118.084.050</u>
Afskriftir 01.01.2022 .....	52.250.747	707.126	52.957.873
Afskrift ársins .....	9.971.635	71.226	10.042.861
Selt/úrelt á árinu .....	(3.837.077)	0	(3.837.077)
	<u>58.385.305</u>	<u>778.352</u>	<u>59.163.657</u>
Staða 31.12.2022 .....	<u>58.104.974</u>	<u>815.419</u>	<u>58.920.393</u>

31.12.2022 31.12.2021

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	1.315.387	28.843.537
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	0	13.691
	<u>1.315.387</u>	<u>28.857.228</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	1.986.185	664.502
	<u>1.986.185</u>	<u>664.502</u>

### 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	197.098	222.321
Skattar .....	810.554	1.618.803
	<u>1.007.652</u>	<u>1.841.124</u>

### 11 Handbært fé

Sjóðir .....	35.000	35.000
Tékkareikningar .....	22.400.787	10.101.772
Gjaldeyriseikningar í innlendum innlánsstofnunum .....	79.004	71.753
	<u>22.514.791</u>	<u>10.208.525</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 6,8 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	(2.467.986)	(7.685.483)
Afkoma ársins .....	(23.772.096)	5.217.497
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(26.240.082)</u>	<u>(2.467.986)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2022 31.12.2021

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga .....	58.920.393	43.190.327
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	7.766.583	7.722.181
	<u>66.686.976</u>	<u>50.912.508</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	43.190.327	7.722.181	50.912.508
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	26.100.000	26.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	26.055.598	(26.055.598)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<u>(10.325.532)</u>	<u>0</u>	<u>(10.325.532)</u>
	<u>58.920.393</u>	<u>7.766.583</u>	<u>66.686.976</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 10,2 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

### 14 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 137,3 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 24,0 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.